Höggmynda-sýning Helga í sex borgum V-Þýskalands

EFTIR ÁRNA JOHNSEN

Viðamikil höggmyndasýning Helga Gíslasonar myndhöggvara verður sýnd í 6 borgum í Vestur-Þýskalandi á þessu ári, en fyrstu sýningunni er lokið í Vestur-Þýskalandi. Umsagnir um sýningu Helga í vestur-þýskum blöðum eru mjög lofsamlegar, en alls er um að ræða 30 verk og þar af eru fjórar teikningar. Helgi hefur unnið að undirbúningi þessarar sýningar um langt skeið, en upphaflega stóð til að um eina sýningu yrði að ræða. Í umsögnunum um sýningu Helga eru menn sammála um að maðurinn sé það sem myndir Helga snúast um, menn sjá sérkenni Íslendingsins og náttúruna í verkum hans og þeir finna titring sem veldur umhugsun.



Helgi Gíslason í vinnustofu sinni við nýjasta verkið sem mun fara á Reykjavíkursýninguna í Kjarvalsstöðum á næstunni. Hægra megin fjær stendur brjóstmynd af Agnari Kofoed-Hansen flugmálastjóra, og höggmynd í tré, en stóri flekinn í bakgrunni er mót af hliði sem Helgi er að vinna fyrir Seðlabankann

Morgunblaðið/Árni Johnsen




Frá höggmyndasýningu Helga í Berlín

„Þessi sýning byrjaði í Vestur-Berlín," sagði Helgi þegar Morgunblaðið spurði hann um sýninguna, „í Galleri Kunstlicht í nóvember sl. Undirbúningur hófst fyrir löngu. Á árinu 1983 gerði ég handbók um verkin og einnig myndband, bæði með íslenskum og enskum texta og þetta myndband gengur með sýningunni. Á myndbandinu eru verkin sýnd, steypuaðferðin og fleira. Þeir bræður, Stefán og Wolfgang Edelstein hafa verið mér mjög hjálplegir og það var Wolfgang sem kynnti verk mín fyrir Galleri Kunstlicht, sem vildi taka þau til sýningar og hefur opnað leiðina, en Stefán hefur meira og minna skipulagt hinar sýningarnar í samvinnu við þýsk-íslensku félögin úti. Til þess að koma þessu af stað úti fékk ég nokkurn styrk frá menntamálaráðuneytinu og einnig hef ég fengið góða aðstoð frá Eimskipafélaginu og Flugleiðum, þeir hafa verið mér innan handar eins og þeirra var von og vísa og það er gott að eiga þá að. Önnur sýningin var í andyri ráðhússins í Köln, sú þriðja var Frankfurt í júní, þá fer sýningin til Freiburgar ‚Hamborgar og að lokum til Düsseldorf á norræna viku sem hefst 22. október og þangað fer ég á vegum menntamálaráðuneytisins. Sýningin í Düsseldorf verður í Galleri Vömel sem er við aðalgötu þar í borg. Ég verð að segja það að það hefur verið ákaflega gott að komast aðeins út og fá svona góð viðbrögð sem raun ber vitni og þó ekki hafi verið annað en að fá gagnrýni um verkin hjá milljónaþjóð, þá er það mjög ánægjulegt."

Í blaðinu Moabit Times segir gagnrýnandinn: Viðfangefni myndverka Helga Gíslasonar eru form líkamans: Höfuð, háls eða bolur. Eitt grundvallaratriði er einkennandi: Rýmið sem bronsið umlykur er opnað og virkar eins og skorið hafi verið í það. Helgi vill á þennan hátt vinna á móti þyngdaraflinu sem felst í efninu. Ísland, eyjan milli gamla og nýja heimsins langt norður í hafi, kemur allt í einu upp í meðvitundinni vegna sýningarinnar í Galleri Kunstlicht hér í Moabit. Mér hefur alltaf fundist þetta nafn meira framandi en nöfn annarra Evrópulanda. Nafnið tengist í huga mér við Atlantis, einhverjum frumheimi úr grárri forneskju sem hvarf ofan í djúp hafsins í hrikalegum átökum náttúruaflanna. Eða mér er hugsað til hinna fornu og huguðu víkinga sem gengu á land þar á klettóttum og hrikalegum fjörðum Íslands. Ímyndunarafl mitt varð ekki fyrir vonbrigðum. Listamaðurinn sjálfur, Helgi Gíslason, virðist vera hress og náttúrulegur maður með lifandi augnaráð. Höggmyndir Helga Gíslasonar sýna á hve sterkan hátt listamaðurinn á rætur sínar í klettóttu landslagi Íslands og hrjúfu veðurfari þess, bæði hvað varðar mótíf myndanna og efni. Samt kemur mjög ljóst fram hve næmur listamaðurinn er fyrir krafti formsins sem gerir myndirnar lifandi. Þetta kemur sérstaklega fram í fingerðu byggingarlagi verkanna. Flest mótífin eru höfuð og líkamar sem oftast virðast aðeins vera til staðar, en geisla út sterka tjáningu með hermi sínu og stellingum án þess þó að rígbinda áhorfandann tilfinningalega. Mér sýnist að listamanninum hafi tekist á meistaralegan hátt að útfæra teikningarnar sem héngu á veggnum yfir í hið plastíska form.

Í blaðinu Kölner Stadtanzeiger segir gagnrýnandinn að það sé ekki einfalt verk að fjalla um verk Helga Gíslasonar, því þarna sé listamaður sem hafi mikinn sköpunarkraft og tilhneigingu til stórbrotinna átaka. „Maður verður að viðurkenna færni listamannsins til að umgangast efni sitt," segir gagnrýnandinn, „einnig tekst honum að breyta þyngdarlögmáli bronsins með því að lyfta því frá undirstöðunni, gera það léttara. Helgi Gíslason er ekki þægilegur listamaður, en einmitt þess vegna er það þess virði að takast á við þessa sýningu."

Í Kölnarblaðinu Köln Rundschau segir gagnrýnandinn m.a.: Úr verkum Helga Gíslasonar geislar kyrrð og einfaldleiki, eins og titlarnir gefa oft til kynna: „Kona", „Rót", „Hreyfing", eða „Torso". Myndirnar eru oft þéttar,form sem hvílir í sjálfu sér, en er samt þrungið spennu. Enda segir listamaðurinn: „Ég lít á brons sem skref hinnar eilífu leitar að . . ." Gagnrýnandinn segir að það veki strax athygli áhorfandans að nærri öll verkin fjalli um manninn, líkama hans, hreyfingu og hæfileika og í lok umsagnarinnar segir gagnrýnandinn að það sé ljóst að Helgi vilji hafa stöðuga endurskoðun á skoðunum á gildismati varðandi verk mannlegrar sköpunar og miðað við það að það sé bæði listrænn og heimspekilegur skoðanamáti sem vert sé að íhuga, þá sé það jafn víst að verk listamannsins hafi tryggt sér sess um langan tíma.



Í samkeppninni um listskreytingu við nýju flugstöðina á Keflavíkurflugvelli var hugmynd Helga keypt af dómnefnd, en hún var hugsuð all stór eins og sjá má af viðmiðun við manninn fremst á myndinni. Hugmyndin er að útfæra þessa höggmynd minni innan húss í flugstöðinni